

Búnaðarbanki Íslands hf. - Fyrirtækjafréttir

Búnaðarbanki Íslands hf. - Fjármálaeftirlitið staðfestir hæfi kjölfestu fjárfesta

Fjármálaeftirlitið staðfestir hæfi Eglu hf, Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga hf., Samvinnulifeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands hf. til að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf.

Fjármálaeftirlitið hefur staðfest, með visan til VI. kafla laga nr. 161/2002, að miðað við fyrirliggjandi áform séu Eglu hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar hf., Samvinnulifeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. hæf til að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Fjármálaeftirlitið hefur því veitt samþykki sitt fyrir því að Eglu hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar hf., Samvinnulifeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. eignist virkan eignarhlut, eða 45,8% hlutafjár, í Búnaðarbanka Íslands hf.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er byggð á upplýsingum sem veittar hafa verið í samræmi við 41. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálaufyrirtæki, og mati samkvæmt 42. gr. sömu laga.

Í niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins kemur m.a. fram eftirfarandi:

Til grundvallar ákvörðuninni liggja eftirfarandi yfirlýsingar umsækjenda um aðgerðir í því skyni að tryggja enn frekar hæfi þeirra til þess að fara með eignarhlutinn:

Umsækjendur hafa lýst því yfir að þeir muni upplýsa Fjármálaeftirlitið um tímasetningu fullra aðilaskipta samkvæmt kaupsamningnum með nægilegum fyrirvara í því skyni að fá þá úr því skorið hvort bein eða óbein hlutdeild umsækjenda og hugsanlegra tengdra aðila í eigin fé eða atkvæðisrétti muni við þau aðilaskipti fara yfir 50%, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002.

Umsækjendur hafa skuldbundið sig til að fela allan eignarhlut sinn sameiginlegu eignarhaldsfélagi, komi til þess að hinn virki eignarhlutur fari yfir 33,3% hlutafjár í Búnaðarbankanum. Að öðrum kosti verði sá hluti hlutafjárins sem er umfram hið tiltekna hlutfall seldur aðilum sem ekki teljist fara með virkan eignarhlut með umsækjendum. Komi til þess að ákvæði laga standi því í vegi að Samvinnulifeyrissjóðurinn geti staðið að slíkri breytingu á eignarhaldi munu umsækjendur leita viðræðna við Fjármálaeftirlitið um það.

Umsækjendur hafa skuldbundið sig til að viðhalda tilteknu eiginfjárhlutfalli í Eglu hf. og veita Fjármálaeftirlitinu reglulega upplýsingar um fjárhagsstöðu Eglu hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar.

Umsækjendur hafa lýst því yfir að þeir muni í krafti atkvæðisréttar síns beita sér fyrir að styrkja starfsreglur bankans í því skyni að takmarka hættu á hagsmunárekstrum.

Umsækjendur hafa lýst því yfir að erlendur ráðgjafi hafi samþykkt að taka sæti í bankaráði Búnaðarbankans fyrir þeirra hönd.

Þá minnir Fjármálaeftirlitið á að á umsækjendum hvíli viðvarandi upplýsingaskylda taki eignarhlutur þeirra í Búnaðarbanka Íslands hf. breytingum. Ennfremur er vakin athygli á heimildum Fjármálaeftirlitsins til viðvarandi eftirlits, skv. VI. kafla og 2. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálaufyrirtæki.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins fylgir hér með sem fylgiskjal.

Viðhengi:

[EGLA-ákvörðun.doc](#)